

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. júní 2024 í máli nr. 123/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 14. nóvember 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að kaupum hans á tveimur gluggum af varnaraðila verði rift og að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér kaupverð þeirra að fjárhæð 286.000 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 5. desember 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust þann 12. desember 2023. Athugasemdir sóknaraðila bárust 14. sama mánaðar. Engar frekari athugasemdir bárust frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, tilboð/pöntunarstaðfesting, dags. 14. júní 2021, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila, teikningar til framleiðanda og kvittanir fyrir greiðslum sóknaraðila til varnaraðila, dags. 29. júní og 6. september 2021.

Með bréfi, dags. 27. júní 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls óskaði sóknaraðili eftir tilboði varnaraðila í þrjá glugga af gerðinni [...]. Var máltaka glugganna framkvæmd af smíði sem varnaraðili mælti með við sóknaraðila. Þann 14. júní 2021 gaf varnaraðili tilboð sitt í gluggana að fjárhæð 429.862 krónur. Samkvæmt tilboðinu skyldi pöntun staðfest með greiðslu að fjárhæð 185.000 krónur inn á bankareikning varnaraðila. Staðfesti sóknaraðili pöntunina í samræmi við það með bankamillifærslu 29. sama mánaðar og greiddi síðan eftirstöðvarnar þann 6. september 2021, 244.862 krónur. Við afhendingu glugganna kom í ljós að tveir þeirra voru smíðaðir eftir röngu máli. Áttu aðilar í nokkrum skriflegum samskiptum í kjölfarið vegna þessa. Með tölvupósti 5. júlí 2022 lagði varnaraðili til að sóknaraðili myndi skila umræddum gluggum og fá endurgreiðslu kaupverðs þeirra. Féllst sóknaraðili á það og skilaði gluggunum til varnaraðila. Barst sóknaraðila þó engin endurgreiðsla.

Sóknaraðili vísar til þess að tveir af þremur gluggum sem pantaðir voru hefðu verið afhentir í rangri stærð og því ekki unnt að nota þá. Hafi aðilar átt í samskiptum í kjölfarið og varnaraðili fallist á að taka þá til baka gegn endurgreiðslu kaupverðs. Þrátt fyrir ítrekuð loforð þess efnis hafi endurgreiðsla ekki borist.

Sóknaraðili bendir á að smiður sem varnaraðili hafi sjálfur mælt með hafi tekið málin fyrir gluggana og afhent varnaraðila þau mál. Hins vegar hafi viðkomandi mál á gluggunum ekki verið send til framleiðanda heldur röng mál. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi auk þess ekki óskað eftir staðfestingu sóknaraðila á þeim framleiðsluteikningum sem sendar hafi verið framleiðanda. Ef varnaraðili hefði gert það hefði hugsanlega verið unnt að leiðrétta hin röngu mál. Sóknaraðili vísar jafnframt til þess að hafa pantað glugga með sömu málum frá varnaraðila árið 2016 og hafi varnaraðili vitað það. Hefði verið auðsótt að bera málin saman.

Varnaraðili vísar til þess að bera ekki ábyrgð á máltöku vegna kaupanna. Þar sem smiður hafi verið fenginn til að taka málin hafi varnaraðili ekki séð ástæðu til að staðfesta málin sérstaklega við sóknaraðila. Til að lágmarka tjón sóknaraðila hafi varnaraðili boðist til að selja gluggana fyrir sóknaraðila en í því boði hafi ekki falist nein staðfesting á ábyrgð varnaraðila á mistökunum. Kveðst varnaraðili ekki hafa boðist til að endurgreiða sóknaraðila kaupverðið heldur aðeins fallist á að taka gluggana í endursölu. Það verð sem fengist fyrir þá yrði greitt sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að umræddir gluggar séu enn á lager hans og hvetji hann sóknaraðila til að sækja þá sem fyrst. Ef eftirspurn verði eftir gluggunum kveðst varnaraðili muni kalla eftir þeim frá sóknaraðila.

IV

Lagaumhverfi

Ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur er haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „*hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað*“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „*henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]*“.

Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um hvaða vanefndarúrræða neytandi getur gripið til vegna galla á söluhlut en þau eru m.a. úrbætur eða ný afhending samkvæmt 29. og 30. gr., afsláttur samkvæmt 31. gr., riftun samkvæmt 32. gr. og skaðabætur samkvæmt 33. gr. nkpl.

V

Niðurstaða

Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili óskaði eftir tilboði varnaraðila í þrjá glugga af gerðinni [...] í fasteign sína. Að fengnum ráðleggingum frá varnaraðila fékk sóknaraðili tilgreindan smið til að mæla fyrir gluggunum og senda þau mál til varnaraðila. Varnaraðili gerði tilboð sitt í kaupin þann 14. júní 2021. Hljóðaði tilboð varnaraðila upp á 429.862 krónur og skyldi það staðfest með greiðslu að fjárhæð 185.000 krónur inn á bankareikning varnaraðila. Greiddi sóknaraðili þá staðfestingargreiðslu 29. júní 2021. Í tilboðinu kom m.a. eftirfarandi fram: „...*Við staðfestingu pöntunar koma framleiðsluteikningar til að fara yfir og samþykkja/staðfesta þarf að allt sé rétt eins og ritað og talað er um og á þeim teikningum kemur fram afhendingarvika frá [...]*...“ Eftir afhendingu glugganna kom í ljós að mál tveggja þeirra voru röng á umræddu framleiðslublaði. Áttu aðilar í nokkrum samskiptum í kjölfarið. Með tölvupósti, dags.

5. júlí 2022, lagði varnaraðili það til að sóknaraðili myndi skila gluggunum og að varnaraðili myndi endurgreiða honum kaupverðið. Skilaði sóknaraðili gluggunum í samræmi við það en engin endurgreiðsla barst frá varnaraðila. Í andsvörum sínum til kærunefndarinnar virðist varnaraðili þó hafa horfið frá þeirri málamiðlun. Fullyrðir varnaraðila að hann hafi aðeins fallist á að taka gluggana til endursölu fyrir sóknaraðila.

Undir rekstri málsins veitti sóknaraðili kærunefndinni upplýsingar um hver hin réttu mál á gluggunum væru. Óskaði kærunefndin jafnframt eftir upplýsingum frá varnaraðila sem sýnt gætu hvaða mál umræddur smiður afhenti honum vegna kaupanna en hefur varnaraðili ekki brugðist við fyrirspurn nefndarinnar.

Sóknaraðili leitaði til varnaraðila sem fagaðila og óskaði eftir kaupum á tilteknum gluggum. Fékk sóknaraðili smið sem varnaraðili mælti með til að taka mál af gluggunum og senda þau til varnaraðila fyrir hönd sóknaraðila. Óumdeilt er í málinu að varnaraðili bar framleiðsluteikningarnar ekki undir sóknaraðila, líkt og tekið var fram að gert skyldi í tilboði varnaraðila. Hefur varnaraðili borið því við að sökum þess að fagmaður tók málin fyrir gluggunum hafi hann ekki talið þörf á því. Að mati kærunefndarinnar stóð að varnaraðila næst að bera framleiðsluteikningar undir sóknaraðila eða þann smið sem málin tók. Hefði varnaraðili gert það hefði mögulega verið unnt að koma í veg fyrir að gluggarnir tveir væru smíðaðir samkvæmt röngum málum. Verður varnaraðili því að bera hallann af því að það hafi ekki verið gert. Verður að líta svo á að hinir umþrættu gluggar hafi verið haldnir galla við afhendingu samkvæmt a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl., sbr. b. lið 1. mgr. 15. gr. þeirra.

Líta verður á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu á hinum umþrættu gluggum sem kröfu um riftun kaupanna. Samkvæmt 32. gr. nkpl. getur neytandi rift kaupum, í stað þess að krefjast afsláttar samkvæmt 31. gr. laganna. Riftun er afdrifaríkt úrræði sem verður aðeins beitt þegar skilyrði hennar eru uppfyllt. Skilyrði þess að fallist verði á riftun vegna galla eru að galli sé ekki óverulegur. Mat á því hvort galli sé ekki óverulegur byggir á ákveðnu heildarmati þar sem líta þarf m.a. til sammings aðila, atvika við kaupin, og áhrifa gallans á hagsmuni neytanda, en gallinn þarf að hafa haft raunveruleg áhrif á hagsmuni neytanda.

Eins og mál þetta er vaxið telur kærunefndin að galli glugganna sé ekki óverulegur enda nýtast þeir sóknaraðila ekki og er því fallist á kröfu sóknaraðila um riftun kaupanna og endurgreiðslu kaupverðs þeirra. Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili hefur þegar skilað umþrættum gluggum til varnaraðila. Í tilboði varnaraðila er ekki að finna neina sundurliðun á verði hvers glugga fyrir sig heldur er aðeins tiltekið heildarverð fyrir alla þrjá, alls 429.862 krónur. Verður því að fallast á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu að fjárhæð 286.000 krónur sem nemur tæplega 2/3 af kröfufjárhæð varnaraðila vegna kaupanna.

V

Úrskurðarorð

Sóknaraðila, X, er heimilt að rifta kaupum á tveimur gluggum af gerðinni [...]. Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila kaupverð þeirra, 286.000 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson